

---

# *Fyrsti fundur foreldrafélags GSS veturinn 20-21, 5. nóv. kl.20.00 rafrænn fundur*

---

**Mættir:** Berglind Axelsd., Berglind Eva, Sigrún Erla og Friðjón, Anna Björk, Agnes og Kári, Kristbjörg, Karín, Hafþór og Arna Dögg, Steinunn Alva, Anna Hallgrímsd., Sigga Lóa, Hrafnkell, Guðrún Svana og Arnar og María Kúld.

**Berglind Axels talar** fyrst um hlutverk foreldrafélagsins og skyldur. Gjaldkeri þarf að skipta um prókúru í bankanum. Hún talar um skólaferðir nemenda og að þeim sé öllum tímabundið frestað. Spurning með fjáraflanir...

**Sigga Lóa segir frá** hugmynd um jólalestina. Góðar undirtektir. Stungið upp á að við séum með sameiginlegt Google Docs skjal sem allir geta skrifað inn í. Þá er hægt að deila hugmyndum og „brainstorma“ um aðventuna og jólaföndrið.

**Jólaföndrið rætt** og nokkrar hugmyndir komu fram, eins og t.d. að fara út í skóg í staðinn fyrir að föndra. Gera saman konfekt eða jólanammi. Agnes tekur fram að kannski sé hægt að fá lánaðan búnað hjá X-inu. Hvað vilja unglingarnir gera? Rætt um spila-/kappleikjakvöld skipulagt af foreldrunum.

Ákveðið að bíða með að ákveða jólaföndrið þar til eftir 17. nóvember þegar kemur í ljós hvort einhverjum af sóttvarnareglum verði aflétt.

**Bekkjarkvöldin rædd** og hvort ekki sé hægt að gera eitthvað utan skólatíma með/fyrir börnin þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Í samræmi við tilmæli landlæknis er vel hægt að hafa bekkjarkvöld/bekkjastund (þarf ekki að vera kvöld) fyrir 1. – 4. bekk utandyra ef foreldrafulltrúarnir gæta þess að virða smitvarnir. Í eldri bekkjunum væri hægt að vera með rafrænt bingó eða spurningakeppnir. Þá eru þátttakendur heima hjá sér og taka þátt í gegnum tölvu/snjalltæki.

Bekkjarkvöldin eru sett í hendur foreldrafulltrúa hvers bekkjar.

**Fundi slitið**